

NOTENDALEIÐBEININGAR

Klæðnaður sem vottaður er samkvæmt EN 342 verndar þann sem honum klæðist fyrir köldu umhverfi. Kalt umhverfi er skilgreint sem samsetning raka og vinds við lofthita undir -5°C . Fyrir notkun skal gæta þess að loka fatnaðinum að sér og þrengja ermar og mitti svo klæðnaðurinn falli betur að.

Klæðnaðurinn ver gegn kulda en hafið í huga að hann er ekki örugg vörn við allar aðstæður og öll skilyrði. Hafið í huga að það hefur áhrif á vörnina ef klæðnaðurinn eða sá sem honum klæðist blotnar. Geymið klæðnaðinn á þurrum og vel loftræstum stað svo hann viðhaldi vörn sinni. Hirða á um klæðnaðinn í samræmi við leiðbeiningar innan í honum. Skoðið CE-miðann á klæðnaðinum innanverðum til að sjá varnarflokk hans samkvæmt EN 342 staðlinum. Athugið að hitaeinangrun getur minnkað eftir hreinsun. Til að auka vörn og koma í veg fyrir staðarkælingu skal gæta þess að nota vörn fyrir höfuð, hendur og fætur (vörn fyrir þessa líkamshluta er ekki innifalin í EN 342 staðlinum). Gætið þess að klæðast ekki vottuðum klæðnaði fram yfir takmarkaðan notkunartíma (m.v. frammistöðustig) sem sýndur er á töflum hér að neðan.

Klæðnaður sem vottaður er í samræmi við EN 342 staðalinn er prófaður í samræmi við staðalinn fyrir klæðnað B (tvö lög).



$Y(B)/Y(C)/Y(R) = I_{cler}$ in $\text{m}^2 \cdot \text{K/W}$ í samsafni eða einstökum klæðnaði.

$Y(B)/Y(C)/Y(R) = I_{cle}$ in $\text{m}^2 \cdot \text{K/W}$ í samsafni eða einstökum klæðnaði.

Y = Loftflæði, GL, flokkur 1-3, þar sem 3 er best.

Y = Viðnám við vatni, flokkur (1-2, þar sem 2 er best); valkvætt

Hitaeinangrun, I_{cle} og I_{cler}

I_{cle} , áhrifarík hitaeinangrun, skilgreinir hitaeinangrunina frá húð að ytra byrði klæðnaðar, mælt á kyrrstæðri gínu.

I_{cle} , afleidd áhrifarík hitaeinangrun, skilgreinir hitaeinangrunina frá húð að ytra byrði klæðnaðar, mælt eða reiknað með gínu á hreyfingu.

Hitaeinangrun klæðnaðar er flokkaður á grunni mældra einangrunargilda. Niðurstöður sýna hvernig tiltekin samsetning klæðnaðar veitir vörn gegn ofkælingu.

Frammistöðustig, kyrrstæður notandi

Lágmarkshiti þar sem líkaminn getur viðhaldið hlutlausri hitastöðu án takmarkana (8 klst.).

Lægsti hiti þar sem viðunandi líkamskælingu er viðhaldið í 1 klst.

Einangrun, I_{cle} [$\text{m}^2 \cdot \text{K/W}$]	Staðið upprétt, 75W/m^2	
	8 klst.	1 klst.
0,310	11°	-2°
0,390	7°	-10°
0,470	3°	-17°
0,540	-3°	-25°
0,620	-7°	-32°

Athugið að hlutfallslegur raki, loft- og vindhraði hefur áhrif á frammistöðu.

Frammistöðustig, notandi á hreyfingu

Lágmarkshiti þar sem líkaminn getur viðhaldið hlutlausri hitastöðu án takmarkana (8 klst.) við léttar og meðalerfiðar athafnir.

Lægsti hiti þar sem viðunandi líkamskælingu er viðhaldið í 1 klst. við léttar og meðalerfiðar athafnir.

Einangrun, I_{cl} [m ² . K/W]	Notandi á hreyfingu			
	Létt hreyfing, 115 W/m ²		Meðalhreyfing, 170 W/m ²	
	8 klst.	1 klst.	8 klst.	1 klst.
0,310	-1	-15	-19	-32
0,390	-8	-25	-28	-45
0,470	-15	-35	-38	-58
0,540	-22	-44	-49	-70
0,620	-29	-54	-60	-83

Hafið í huga að frammistöðustig er eingöngu gilt ef dreifing einangrunar er jöfn; hendur, fætur og höfuð með tilhlýðilega vörn og vindhraði er milli 0,3 m/s og 0,5 m/s.

Gegnumflæði lofts, GL

GL mælir hve auðvelt er fyrir loft að smjúga í gegnum efnið.

GL, mm/s	Flokkur
100 > GL	1
5 < GL ≤ 100	2
GL ≤ 5	3

Viðnám við vatni, VV (valbúnaður)

VV mælir viðnámið við gegndræpi vatns um efnið að utan. Efni og saumar eru prófaðir með tilliti til gegndræpi vatns.

VV, Pa	Flokkur
8.000 ≤ VV ≤ 13.000	1
VV > 13.000	2

Vatnsgufuviðnám, R_{et}

Þetta mælir viðnám efnisins gegn því að vatnsgufa smjúgi inn. Viðnám við vatnsgufu er mælt með samsetningu allra laga af klæðnaðinum fyrir utan nærfatnað. Til að uppfylla EN 342 þarf R_{et} gildið að vera minna en 55 m²Pa/W.

Þessi gerð af persónulegum hlífðarbúnaði hefur verið prófuð samkvæmt evrópska prófunarstaðlinum, af FIOH, Topeliusgatan 41, FI-00250 Helsinki, Finnlandi, skráðum aðila nr. 0403.

AB BLÅKLÄDER, BOX 124, SE-512 23, SVENLJUNGA, Svíþjóð.

www.blaklader.com